

Fundur í Nemendafélaginu 13. október kl. 8:25

Mættir: Aldís, Arna, Guðbjörg, Palli, Oddur, Ólöf og Valgarður

1. Farið yfir síðustu fundargerð. Varðandi lið 7 var eftirfarandi rætt: Skólastjóri hefur samband við ákveðinn aðila vegna björgunarsveitarnámskeiðs á smiðjudegi unglunga. Reglan í íþróttum ekki lengur til vandræða. Nemendur á mið- og unglungastigi eru margir hverjir ekki að fara í sturtu eftir íþróttatíma. Einnig eru einhverjir sem skipta ekki um föt fyrir og eftir tíma. Umsjónarkennarar hafa tekið þessa umræðu með unglungum en lítið breytist. Ákveðið að fá Herdísí hjúkrunarfræðing til að fræða námshópa um mikilvægi hreinlætis.
2. Svampdýna í gluggasyllu í félagsrými unglunga, búið að senda fyrirspurn en engin viðbrögð. Þarf að fylgja eftir.
3. Hitastig í félagsrými ekki í lagi þessa dagana, gólfið ískalt. Gustar inn með glugga og rýmingarhurð þegar hvasst er úti. Skólastjóri kannar hvort hægt sé að laga það.
4. Nýju nemendurnir okkar frá Venezuéla mæta í fyrstu heimsókn ásamt foreldrum 25. október kl. 10:00. Nemendurnir eru 7. Ákveðið að fulltrúar úr Nemendafélaginu verði með kynningu fyrir hópinn í matsalnum kl. 10:00. Einhver heimilisfræðihópur verður búinn að baka kökur sem boðið verður upp á. Eftir kynningu munu fulltrúar nemenda sýna gestunum skólann. Skipt verður í 2 hópa, miðstig og unglungastig.
5. Reglur á fótboltavelli, ákveðið að fresta þeirri umræðu. Eldri reglur gilda þar til annað verður ákveðið.
6. Önnur mál:
 - a) Hreinsa þarf áklæði utan af púðum undir stiga.
 - b) Djúphreinsa þarf gömlu stólana í félagsrými unglunga.
 - c) Herða þarf borðið í félagsrými unglunga.
 - d) Athuga með að kaupa stóran skemil við sófann.
 - e) Poolborð í félagsrýmið – Félagsmiðstöðin er eitthvað að skoða það.
 - f) Umgengni í félagsrými, lítil ending á borðtennsspöðum og kúlum. Tillaga um að ef nemendur skemma af ásetningi fari þeir í vikustraff í félagsrými.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:15.